

ekki heimfærð undir 183. grein hinna alm. hegningarlaga, með því að eigi verður talið sannað, að hann hafi tekið borgun fyrir að koma ákærða Ólafi og Emiliu saman. En afbrot hans heyrir að álit dómarsins undir 213. grein almennra hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega kveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hvor um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt. Einnig greiði ákærður, Ólafur, verjanda sínum, Guðmundi Ólafssyni, 35 krónur, og ákærður, Páll Kristinsson, verjanda sínum, Lárusi Fjeldsted, 35 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. jan. 1932.

Nr. 98/1931. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)

gegen

**Guðmundi Sæmundssyni og Ara Lín-
dal Jóhannessyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Rangur framburður fyrir rétti.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 20. júlí 1931: Ákærðir, Guðmundur Sæmundsson og Ari Lín-
dal Jóhannesson, sæti 8 daga einföldu fangelsi hvor. En fullnustu refsing-
arinnar skal frestað og hún niður falla eftir 5 ár frá upp-
sögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru
haldin.

Svo greiði og ákærðir in solidum allan af málinu lög-
lega leiðandi kostnað, þar með talið varnarlaun hins
skipaða talsmanns þeirra, cand. jur. Óskar Borg, 35 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærðu ber að heimfæra undir 147. gr.,
2. mgr. hinna almennu hegningarlaga og þykir
refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 30

daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, nema hinir ákærðu innan þess tíma sæti dómi í opinberu máli til þyngri refsingar en sekta fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði.

Ákvæði undirréttardómsins um málskostnað í héraði staðfestast og ákærðum ber in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærðu, Guðmundur Sæmundsson og Ari Lindal Jóhannesson, sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef þeir halda skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907.

Ákvæði undirréttardómsins um málskostnað í héraði skal óraskað og hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Eggerts Claessen og Sveinbjörns Jónssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Guðmundi Sæmundssyni, bifreiðarstjóra, á Ísafirði, og Ara Lindal Jóhannessyni, bílstjóra sama stað, fyrir brot gegn 14. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, til refsingar og greiðslu málskostnaðar.

Málavextir eru þeir er nú skal greina.

Með skjali, dags. 7. apríl þ. á., kærði tollvörður Wilhelm Jakobsson fyrir lögreglustjóra, að togarinn „Hafstein“ frá Flateyri, hefði í síðustu ferð sinni frá Englandi, komið með 12 kassa af Whisky, er mótorbátur „Geysir“ héðan úr bænum hefði sótt út á Bolungarvík, en heimildarmaður að þessu var Guðmundur Sæmundsson, bílstjóri á Ísafirði. Tjáði nefndur Guðmundur Sæmundsson tollverðinum, að hann ásamt Ara Lindal Jóhannessyni bílstjóra á Ísafirði, hefði verið staddur á skírdag síðastliðinn heima hjá Sigurði Benjamínssyni, formanni í Hnifsdal, og hann tjáð þeim að greindur togari hefði komið með áfengið, en mótorbátur héðan sótt það út á Bolungarvík.

Þann 8. s. m. er málið var tekið fyrir til rannsóknar, kom það brátt í ljós, að enginn fótur myndi vera fyrir því að áðurumgetinn mótorbátur hefði sótt áfengið héðan út á Bolungarvík. En er ákærður, greindur Guðmundur Sæmundsson, kom fyrir réttinn sem vitni bar hann það, að hann og meðákærður, Ari Lindal Jóhannesson, hefðu verið staddir á skírdag heima hjá nefndum Sigurði Benjamínssyni og hann hefði sagt þeim, að togarinn „Hafstein“ hefði komið með áfengi frá Englandi, en mundi eigi hverskonar áfengi það var, kvaðst heldur eigi geta fullyrt, hvort Sigurður þessi gat um nafn á mótorbát þeim, er áfengið hafði sótt, né heldur hvort þetta hafi verið í síðustu ferð togarans frá Englandi.

Ákærður, Ari Lindal Jóhannesson, kannast og við að hann á skírdag síðastliðinn hafi verið staddur heima hjá Sigurði Benjamínssyni formanni í Hnifsdal, og hlýtt á að Sigurður í samtali við ákærðan, Guðmund Sæmundsson, sagði að togarinn „Hafstein“ hefði haft meðferðis vín, er hann kom til Reykjavíkur, en eigi kvaðst hann vita, hvort þetta var í síðustu ferð togarans frá Englandi, né heldur hve mikið vinið var, kveðst og heldur eigi hafa heyrt Sigurð hafa orð á því að togarinn hefði komið með

Whisky, er mótorbátur héðan hefði sótt út á Bolungarvík.

Framburður ákærðs, Guðmundar Sæmundssonar, er samkvæmt framangreindu fólginnt í því, að hann ber það sem vitni fyrir réttinum, að nafngreindur maður á tilteknum stað og tíma hafi sagt honum, að greindur togari hafi haft meðferðis áfengi frá Englandi og að áfengið hafi verið sótt í togarann héðan út á Bolungarvík, og ákærður, Ari Lindal Jóhannesson, ber einnig nafngreindan mann fyrir því, að umgetinn togari hafi haft meðferðis áfengi, er hann kom til Reykjavíkur frá Englandi.

Þann 9. s. m. var heimildarmaður hinna ákærðu, Sigurður Benjamínsson, frá Hnífsdal, yfirheyrður, en hvernig sem á hann var gengið neitaði hann því ákveðið, að hann hefði nefnt togarann „Hafstein“ á nafn í samtalinu við ákærðu við greint tækifæri. Ákærðir voru nú kallaðir fyrir réttinn og nú taka þeir aftur, hvor í sínu lagi, fyrri framburð sinn og lýstu hann ósannan. Kváðu Sigurð þennan Benjamínsson, aldrei hafa minnst á togarann „Hafstein“ við þá.

Voru ákærðir þá settir í gæzluvarðhald, en þeir héldu fast við afturköllun sína á fyrri framburði þeirra, og lýstu hann ósannan.

Að réttarins áliti hafa ákærðir orðið sekir um rangan framburð fyrir rétti, og höfðu þeir þó verið ítarlega áminntir um sannsögli áður en yfirheyrslan byrjaði og aðvaraðir um það að vera undir það búnir að staðfesta framburð sinn með eiði. En með tilliti til þess, að ákærðir tóku aftur hinn ranga framburð af sjálfsdáðum, áður en til þess kæmi að þeir staðfestu hann með eiði, þykir eiga að heimfæra brot þeirra, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærður, Guðmundur Sæmundsson, fæddur 15. ágúst 1908 og ákærður, Ari Lindal Jóhannesson, fæddur 2. febrúar 1910, undir 147. gr. síðari málslíð sbr. 55. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing þeirra, er áður hafa eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp vera hæfilega metin 8 daga einfalt fangelsi. Og með tilliti til þess, að ákærðir eru ungir að aldri og að þeir af sjálfsdáðum tóku aftur hinn ranga framburð sinn, þá þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún

falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður lögmætum skilyrðum.

Allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður og varnarlaun hins skipaða talsmanns þeirra, greiði ákærðir in solidum.

Það vottast að meðferð málsins hefir verið vitalaus, en nokkur dráttur hefir orðið á uppkvaðningu dómsins, sakir manntalsþingaferða dómarsins.

Miðvikudaginn 20. jan. 1932.

Nr. 114/1931. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Ólafi Oddssyni (Eggert Claessen).

Brot gegn lögreglusamþykkt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. ágúst 1931: Kærður, Ólafur Oddsson, sæti 50 króna sekt til bæjarsjóðs og komi einfalt fangelsi í 5 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og Filippusi Ámundasyni, f. h. Indriða Filippussonar, 172 krónur í skaðabætur innan sama frests og sektina.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 20. apríl fyrra ár hafði mikill mannfjöldi safnast saman við Alþingishúsið. Talaði núverandi alþingismaður Jakob Möller þá til mannfjöldans og að loknu máli sínu bar hann upp tillögu um að skora á ríkisstjórnina að segja af sér. Greiddu flestir viðstaddir atkvæði með tillögu þessari, en er mótatkvæða var leitað, rétti kærandi, Indriði